Ed. **607. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á framfærslulögum, nr. 135 31. des. 1935.

Frá Þorsteini Briem.

1. 1. gr. orðist þannig:

   Síðasta málsgr. 10. gr. laganna orðist þannig:

   Fráskilin kona á rétt til að fá greitt úr sveitarsjóði heimilissveitar sinnar meðlög með börnum sínum og framlag til sjálfrar sín eftir úrskurði eða leyfisbréfi til skilnaðar, á sama hátt og mæður óskilgetinna barna. Heimilt er sveitarstjórn að hlutast til um, að úrskurðinum eða skilnaðarleyfisbréfinu sé breytt, ef hagir aðila breytast, þó svo, að aldrei sé minna greitt en meðalmeðlag með börnunum.

2. Við 3. gr.

   a. Á eftir „valdsmönnum“, komi: og skulu fylgja umsóknunum meðmæli tveggja valinkunnra manna.

   b. Síðasti málsliður falli burt.